

**FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 29.08.2018 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á
KIRKJUBÆJARKLAUSTRI**

**Kl. 09:30
Fundur nr. 159**

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson (D), Einar Bárðarson (D), Bjarki Guðnason (D) Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z).

Davíð Andri Agnarsson (D) boðaði forföll.

Einar Bárðarson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Formaður fer yfir breytingar á fundardagskrá og óskar eftir því að bæta við á dagskrá kynningu á innleiðingu persónuverndarlaga við leik- og grunnskóla.

Guðrún Sigurðardóttir Leikskólastjóri mætir á fundinn
Linda Ösp Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra Heilsuleikskólans Kærabæjar situr einnig fundinn.

1) Kl. 09:30 - Heilsuleikskólinn Kærabær

a) Skólastarfið almennt - skólastjóri hefur orðið

Leikskólastjóri fer yfir stöðuna og eru 23 börn í Heilsuleikskólanum Kærabæ. Það vantar tvo starfsmenn eins og staðan er núna en starfsmannaviðtöl eru í gangi. Húsnæðisskortur er einnig vandamál við ráðningu á starfsfólki við leikskólann.

b) Skóladagatal - breyting.

Leikskólastjóri fer yfir breytinguna sem felst í að færa til starfsdag. Starfsdagur er færður af föstudegi 9. nóvember yfir á mánudaginn 5. Nóvember. Fræðslunefnd samþykkir breytingu á skóladagatali.

c) Móttökuáætlun nýrra starfsmanna.

Lagt fram til kynningar

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með móttökuáætlunina og samþykkir áætlunina.

d) Vistunarreglur Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við vistunarreglur Heilsuleikskólans Kærabæjar og vísar vistunarreglunum til foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar til umsagnar.

e) Breyting á reglugerð fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ

Fræðslunefnd frestar afgreiðslu málsins þar til umsögn foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar liggur fyrir um vistunarreglur Heilsuleikskólans Kærabæjar.

ASH
EB.
JPM
BUG
P.A.

f) Umbætur vegna ytra mats Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Fjallað hafði verið um máliði í lið 4 á fundi 157 hjá fræðslunefnd. Búið er að senda gögn til Mennta- og Menningarmálaráðuneytis og er beðið afgreiðslu málsins frá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu.

g) Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Jafnréttisáætlun er endurskoðuð á þriggja ára fresti. Áætlunin er samþykkt og er fer til kynningar hjá foreldrum barna á Heilsuleikskólanum Kærabæ.

h) Reglugerð um sérþjónustu í Heilsuleikskólanum Kærabæ.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við reglugerðina og samþykkir reglugerðina

i) Vinnueftirlit-Áhættumat-aðgerðaráætlun.

Lagt fram til kynningar og unnið verður að úrbótum samhliða stækkun á Heilsuleikskólanum Kærabæ

j) Viðbygging við skólann

Unnið er að því að stækka leikskólann og standa vonir til að hægt verði að taka húsið í notkun á 30 ára afmæli Heilsuleikskólans Kærabæjar sem er 1. Október. Unnið verður að viðbyggingu með það að markmiði að hún verði tilbúin fyrir þann tíma. Fræðslunefnd samþykkir að skipuleggja vinnudag laugardaginn 22. September í samstarfi við foreldra í lóð Heilsuleikskólans Kærabæjar

k) Kynning á innleiðingu leikskóla vegna nýrra persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Skaftárhreppur hefur ráðið fyrirtækið Dattaca Labs til ráðgjafar við innleiðingu á lögnum og er unnið að innleiðingu á lögnum hjá Skaftárhreppi og stofnunum sveitarfélagsins.

l) Önnur mál.

Leikskólastjóri kynnir verkefnið Snemmtæk íhlutun með áherslu á málproska og læsi. Verkefnið er hluti af læsisverkefninu Þjóðarsáttmáli um læsi og sendi Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu saman inn umsókn í verkefnið. Ekki er búið að úthluta verkefninu en leikskólinn er mjög áhugasamur um þátttöku í verkefninu.

2) Kl. 11:00 - Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

Fræðslunefnd býður sérstaklega velkomna til starfa Katrínu Gunnarsdóttur Skólastjóra.

Linda Agnarsdóttir fulltrúi kennara og Díana Ósk Pétursdóttir fulltrúi foreldra sitja fundinn.

a) Skólastarfið almennt - skólastjóri hefur orðið

Heildarfjöldi nemenda skólaárið 2018-2019 er 40 nemendur. Skólastarfið hefur farið vel af stað. Gera þurfti breytingar á samkenndu vegna þess að ekki tókst að ráða kennara við fyrsta stig grunnskólans. Á miðstigi verður samkenndu í 5-6 og 7. Og á unglingsstigi í 8-9 og 10. bekk.

Skólastjóri lenti í vandræðum með breytingar á stundarskrám í gegn um Námfús vegna breytinga á samkenndu en hefur verið unnið að breytingum og lagfæringum á stundaskrá fyrir nemendur.

b) Starfsmannamál

Búið er að ráða í allar stöður við skólann í vetur en einhverjir starfsmenn verða í námi með vinnu í vetur og búast má við einhverri fjarveru vegna þess.

c) Endurnýjun á búnaði skólans.

Skólastjóri leggur til að sett verði upp áætlun við endurnýjun á búnaði er varða starfsmannaaðstöðu og aðstöðu nemenda. Fræðslunefnd samþykkir að leggja af stað í þá vegferð og vísar þeirri vinnu til fjárhagsáætlunar næstu ára.

d) Salernismál.

Komnar eru teikningar af klósettum í skólann og hefur áður verið rætt um að leggja af stað í breytingu á klósettunum. Áætlað er að leggja af stað í framkvæmdir í nóvember, reynt verður að hafa áhrif framkvæmdanna sem minnst á starfsemi skólans.

e) Þrívíddarprentari.

Kirkjubæjarskóla á Síðu barst að gjöf þrívíddarprentara fyrir 2 árum og hafa nemendur eitthvað notað prentarann. Staðan í dag er sú að ekki er kunnáttu innan skólans til að nota prentarann og óskar skólastjóri eftir því að finna kennara sem gæti kennt starfsmönnum skólans á prentarann. Fræðslunefnd hvetur skólastjóra til að efla þekkingu og notkun á prentaranum.

f) Kynning á innleiðingu grunnskóla vegna nýrra persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Unnið hefur verið að innleiðingu á lögnum og er búið að taka eina úttekt í skólanum og voru gerðar nokkrar athugasemdir. Skólastjóri vinnur nú að úrbótum og innleiðingu á lögnum.

Skaftárhreppur hefur ráðið fyrirtækið Dattaca Labs til ráðgjafar við innleiðingu á lögnum og er unnið að innleiðingu á lögnum hjá Skaftárhreppi og stofnunum sveitarfélagsins.

g) Önnur mál.

Linda spyr um kynningu á læsstefnu Skaftárhrepps.
Fræðslunefnd samþykkir að fela skólastjóra að skoða stöðu á kynningu á læsisstefnu Skaftárhrepps.

3) Kl. 12:00 - Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Fræðslunefnd býður Zbigniew Zuchowicz velkominn til starfa

a) Nýráðinn skólastjóri hefur orðið og skýrir frá sínum hugmyndum um skólastarfið.

Skólastjóri fer yfir fyrstu dagana í starfi sínu við tónlistarskólann. Hann er búinn að fara yfir námsgögn, hljóðfæri og aðstöðu tónlistarskólans. Innritun stendur yfir í skólann og hafa 18 nemendur skráð sig við skólann. Skólastjóri telur að nóg sé til af hljóðfærum fyrir veturinn. Lögð verður áhersla á samspil nemenda. Skólastjóri hefur áætlanir um að halda nokkra tónleika á starfsári skólans. Skólastjóri hefur áhuga á að efla þátttöku fullorðinna í námi við tónlistarskólann.

b) Húsnæðismál tónlistarskólans.

Skólastjóri gerir ekki athugasemmdir við aðstöðu í skólanum eins og staðan er. Staðsetning er góð með tilliti til skipulags stundartöflu og auðvelt fyrir börn að sækja nám í tónlistarskólann meðan hann er innandyra í skólabyggingunni.

c) Önnur mál.

Engin önnur mál.

ASH JMM
ER BUG
F.A.


4) Bréf frá Menna- og menningarmálaráðuneytis dagsett 5/6 2018 tilvísunar nr MMR17030135/6.14.0-

Efni: Fræðslu- og umræðufundir um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030

Formaður greinir frá fundarherferð Menna- og Menningarmálaráðuneytis.
Fræðslunefnd samþykkir að senda fulltrúa á fundinn þegar nánari upplýsingar um tíma- og staðsetningar liggja fyrir.


Fleira ekki gert á fundi og fundi slitið kl 12:40


Þorsteinn M. Kristinsson


Bjarki Guðnason


Arndís Harðardóttir


Fanney Asgeirsdóttir


Einar Bárðarson